

Ársskýrsla 2002



Ársskýrsla 2002

Aðalfundur Vinnslustöðvarinnar hf.

2. maí 2003

56. starfsár

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Jakob Bjarnason, formaður

Haraldur Gíslason, varaformaður

Guðmundur Kristjánsson

Gunnar Birgisson

Gunnlaugur Ólafsson

Varastjórn

Benedikt Sigurðsson

Hjálmar Kristjánsson

Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri

Stefán Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri

Andrea Atladóttir, fjármálastjóri

Guðni Guðnason, útgerðarstjóri

Sigurður Friðbjörnsson, verksmiðjustjóri

Þorsteinn Magnússon, framleiðslustjóri

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns 2

Skýrsla framkvæmdastjórnar, afkoma 3

Efnahagur, starfsmenn, hlutdeildarfélög 4

Hluthafar, aflabréðgð 4

Útgerð, aflaheimildir, framleiðsla, bræðsla 6

Nýjum áfanga fagnað II

Ársrekningur I2

Umsjón og umbrot: Athygli

Ljós.: Sigurgeir Jónasson (bls. 3, 6, 8, II (tvær neðstu) og á kápabaki).

Atli Rúnar Halldórsson (bls. 10), Hreinn Magnússon (bls. 2).

Þorsteinn Magnússon (neðri mynd bls. 5, efri mynd bls. 7 og efsta mynd bls. II).

Guðni Ingvar Guðnason (neðri mynd bls. 7).

Aðrar myndir: Skipverjar á Brynjólf ÁR og Gandí VE.

Kápufersíða: Sigurður Atlason á Gandí VE (stærsta myndin),

neðri mynd t.v.: Teitur Guðmundsson á Brynjólf ÁR.

neðri mynd t.h.: Gunnar Ingi Gíslason, matsveinn á Gandí VE.

Prentun: Prentsmiðjan Eyrún



Hafnargötu 2 · Vestmannaeyjar

Sími 488 8000 · Fax 488 8001

vsv@vsv.is · www.vsv.is

Ávarp stjórnarformanns

Ágætu hluthafar!

Nýliðið rekstrarár Vinnslustöðvarinnar hf. var hið besta í sögu félagsins ef lítið er aftur til ársins 1992 þegar sex félög í Vestmannaeyjum sameinuðust undir því nafni. Framlegð félagsins var góð, veltufé frá rekstri var hlutfallslega mikið og efnahagur þess styrktist á árinu. Nýliðið ár staðfestir að starfsfólk og stjórnendur hafa með samstilltu átaki komið féluginu í fremstu röð sjávarútvegsfyrirtækja á landinu.

Hagnaður félagsins nam 902 milljónum króna. Framlegð félagsins var 1.119 milljónir króna eða 31% og veltufé frá rekstri var 1.015 milljónir króna.

Úthlutaðar veiðiheimildir Vinnslustöðvarinnar hf. á fiskveiðíárinu, sem hófst 1. september 2002, námu 14.706 þorskígildistonnum og jukust um 3.236 þorskígildistonn frá fyrra fiskveiðíári.

Vinnslustöðin hf. keypti á árinu öll hlutabréf í Jóni Erlingssyni ehf. en fyrir átti félagið 40% hlutafjár. Þá keypti Vinnslustöðin 50% hlut í Úndínu ehf. sem átti og gerði út togbátinn Björgu VE-5. Bæði félögini voru sameinuð Vinnslustöðinni þann 1. júlí 2002. Þá réðst félagið í stækkun og endurbætur á fiskimjölsverksmiðju sinni á árinu. Með framkvæmdunum eiga meðalafköst verksmiðjunnar að aukast talsvert. Þá ber að geta merkilegs frumkvæðis og samstarfs Vinnslustöðvarinnar og Hitaveitu Suðurnesja í tengslum við þessar framkvæmdir í þá veru að hita upp hús í Eyjum með orku sem verður til í mjölvinnslunni en rann áður til sjávar.

Miklar breytingar áttu sér stað í hluthafahópi félagsins á árinu. Ker hf., áður Olíufélagið hf., ásamt tengdum aðilum, seldi umtalsverðan hluta af hlutabréfum sínum í Vinnslustöðinni. Vinnslustöðin sjálf var meðal kaupenda að bréfunum. Í kjölfar eigendaskiptanna var boðað til hluthafafundar og ný stjórn kjörin. Er það stefna núverandi stjórnar og eigenda að nýta eigin bréf til stækkunar á féluginu.

Að undanförnu hafa rekstrarskilyrði sjávarútvegsfyrirtækja verið góð. Vinnslustöðin hf. hefur notið þess í rekstri sínum en jafnframt hefur félagið nýtt síðustu misseri til að styrkja rekstur sinn með sameiningum. Þrátt fyrir stækkun hafa skuldir félagsins, mældar í hlutfalli við úthlutoð þorskígildi, farið lækkandi. Staða félagsins er því mjög sterk. Þennan styrk vill stjórn félagsins nýta sér til stækkunar félagsins eins og áður er getið. Stækkun má þó ekki verða á kostnað arðsemi hlutafjár.

Vinnslustöðin er einn af burðarásum í atvinnulífi Vestmannaeyja. Stjórn og stjórnendur gera sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni gagnvart samfélagit. Sú ábyrgð felst fyrst og fremst í því að reka félagið vel þannig að það sé áhugaverður fjárfestingarkostur fyrir hluthafa því án áhuga þeirra verður félagið ekki lengi í rekstri. Þá verða lánadrottnar að hafa trú á féluginu og treysta því fyrir lánsfé sínu. Síðast en ekki síst



er félagið lítils virði án starfsmanna þess. Félagið verður að hafa burði til að greiða þeim samkeppnishæf laun og búa þeim gott atvinnuöryggi. Í huga stjórnar og stjórnenda eru þeir þættir, sem hér eru taldir, órjúfanlegur þáttur samfélagsábyrgðar félagsins. Með þróttmíklum rekstri leggur félagið samfélagini sínu lið í uppbyggingu Vestmannaeyja. Það er því einkennilegt að í aðdraganda alþingiskosninga 10. maí nk. skuli það vera eitt af stefnumálum ýmissa stjórmálaflokkja að grafa undan samfélögum í sjávarbyggðum og veikja þau enn frekar með því að leggja sérstakar álögur á þau fyrirtæki sem starfa í greininni. Enn einkennilegra er að hlýða á málflutning um að nú skuli aflaheimildir fyrndar og boðnar upp reglulega. Mun sú leið leiða til þróttmeiri atvinnustarfsssemi í sjávarbyggðum eða auka atvinnuöryggi þess fólks sem þar býr? Spyrl sá sem ekki skilur!

Að lokum vil ég þakka samstarfsmönnum í stjórn, bæði núverandi og fyrrverandi, fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu rekstrarári. Stjórnendum og starfsfólk Viðnslustöðvarinnar hf. þakka ég vel unnin störf á árinu.

The signature of Jakob Bjarnason, written in blue ink in a cursive script.

Jakob Bjarnason

Skýrsla framkvæmdastjórnar

Inngangur

Rekstur Vinnslustöðvarinnar gekk ágætlega á rekstrarárinu 1. janúar-31. desember 2002. Afkoma útgerðar félagsins var mjög góð og framlegð hennar jókst mikið frá fyrra ári. Bæði rekstur bolfiskútgerðar og rekstur uppsjávarsíða skilaði meiri hagnaði í ár en árið á undan. Rekstur landvinnsludeilda gekk hins vegar ekki eins vel á árinu og framlegð þeirra dróst saman frá árinu á undan. Verð á mjöl- og lýsisafurðum var hagstætt á rekstrarárinu en verð annarra afurða lækkaði frá fyrra ári. Afskriftir jukust á árinu sem skýrist af aukinni eignfærslu aflaheimilda við sameiningu félagsins við Úndínu ehf. og Jón Erlingsson ehf. Fjármagnsliðir voru hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir sem skýrist að nær öllu leyti af gengishagnaði á árinu. Önnur gjöld skýrast fyrst og fremst af sölutapi á línbátum Gandí VE og aflögðu frystihúsi félagsins.

Afkoma

Rekstrartekjur Vinnslustöðvarinnar námu 3.609 milljónum króna rekstrarárið 1. janúar-31. desember 2002 og jukust um 129 milljónir króna frá árinu áður eða um 3,7%. Umsvif voru meiri en árið áður vegna aukinna aflaheimilda en á móti lækkaði verð á afurðum félagsins nema á mjöli og lýsi, og gengi íslenskrar krónu styrktist um 12% á rekstrarárinu.

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar og afskrifta voru 2.491 milljónir króna og jukust um 192 milljónir króna frá árinu áður, sem er 8,4% hækkan frá fyrra ári. Hagnaður fyrir afskriftir var 1.119 milljónir króna og lækkaði um 63 milljónir króna. Framlegðarhlutfall félagsins lækkaði frá fyrra ári úr 33,9% í 31%. Afskriftir námu 495 milljónum króna og hækkuðu um 67 milljónir frá árinu áður.

Fjármagnsgjöld voru hagstæð um 435 milljónir króna og lækkuðu um 1.118 milljónir króna frá fyrra ári. Skýring þessarar lækkunar er fyrst og fremst 475 milljóna króna gengishagnaður í ár í stað 565 milljón króna gengistaps árið áður. Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga lækkuðu um 214 milljónir króna frá fyrra ári.



Blaðið Fréttir útnefndi two stjórnarmenn Vinnslustöðvarinnar, Harald Gíslason og Gunnlaug Ólafsson, menn ársins 2002 í Eyjum.

Efnahagur

Heildarniðurstaða efnahagsreiknings Vinnslustöðvarinnar hf. í lok rekstarársins var 6.833 milljónir króna og hækkaði um 1.169 milljónir króna frá fyrra ári. Veltufjárlutfall félagsins var 1,32 og lausafjárlutfall var 0,97 en hvort tveggja hækkaði frá árinu áður. Heildarskuldir félagsins námu 4.877 milljónum króna og hækkuðu um 533 milljónir frá fyrra ári. Nettóskuldir félagsins, það er heildarskuldir að frádegnum veltufjármunum og peningalegum eignum, námu 3.219 milljónum króna og lækkuðu um 290 milljónir króna frá síðasta ári.

Eigið fé Vinnslustöðvarinnar hf. var í árslok 1.957 milljónir króna eða 29% og hækkaði um 48% frá árinu áður.

Veltufré frá rekstri var 1.015 milljónir króna og hækkaði um 206 milljónir frá árinu áður. Handbært fé frá rekstri hækkaði lítillega. Nettófjárfestingar félagsins voru 260 milljónir króna á árinu, aðallega í tækjum og búnaði. Stærstu einstöku fjárfestingarnar voru stækkun fiskimjölsverksmiðunnar, nýr gufuþurrkari og rafskautaketill. Þá var fjárfest í fitugildru og nýjum hreinsibúnaði fyrir loðnuhrogn.

Starfsmenn

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar voru að meðaltali 215 á rekstrarárinu. Heildarlaunagreiðslur félagsins námu 924 milljónum króna en voru 802 milljónir króna árið áður.

Hlutdeildarfélög-sameining félaga

Vinnslustöðin keypti á árinu 50% hlut í Úndínu ehf. og 60% hlutabréfa í Jóni Erlingssyni ehf. Í framhaldinu voru félögin sameinuð og tók sameiningin gildi 1. júlí 2002. Fyrstu sex mánuði ársins leigði Vinnslustöðin hf. umtalsvert aflamark af Jóni Erlingssyni ehf. og nýtti í sínum rekstri. Úndína ehf. gerði togbátinn Björðu VE-5 út á sama tímabili.

Vinnslustöðin á 40% eignarhlut í Frostfiski ehf. Velta fé-

lagsins á árinu 2002 var 1.172 milljónir króna, framlegð var 168 milljónir króna og hagnaður félagsins var 32 milljónir króna.

Hluthafar

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru 473 í upphafi rekstrarársins en í lok þess voru þeir 311 og hafði því fækkað um 162 á árinu. Fjórir hluthafar reyndust eiga yfir 10% í féluginu í lok rekstrarársins: Búnaðarbanki Íslands hf. með 21,44%, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 14,99%, Ker ehf. með 13,95% og Vátryggingarfélag Íslands með 12,75% hlutafjár. Gengi hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. á Verðbréfapíngi Íslands var í upphafi rekstrarársins skráð 2,90 en í lok rekstrarársins var það 4,20. Á tímabilinu var gengið lægst skráð 2,00 í byrjun febrúar en hæst skráð 4,52 í desember.

Aflabréð

Á liðnu rekstrarári var heildaraflí skipa félagsins rúm 86.000 tonn en var 75.300 tonn árið áður. Aukningin frá fyrra ári er því tæp 11.000 tonn og má rekja hana að mestu til aukningar í síldar- og loðnuufla Kap VE 4 og Sighvats Bjarnasonar VE.

Aflaverðmætið var 1.636 milljónir króna en var 1.186 milljónir króna á fyrra ári, sem er um 38% hækkan. Framlegð upp í sameiginlegan kostnað, afskriftir og vaxtagjöld nam alls 523 milljónum króna eða 32% af tekjum útgerðar. Á fyrra rekstrarári var sambærileg framlegð 264 milljónir króna eða tæplega 24% af tekjum.

Afla að verðmæti 1.263 milljónir króna var landað til eigin vinnslu en það svaraði til 77% af heildaraflaverðmæti skipanna. Til samanburðar nam verðmæti landaðs afla af eigin skipum 794 milljónum króna eða 71% af heildaraflaverðmæti á fyrra rekstrarári.

Þróun gengis
hlutabréfa í
Vinnslustöðinni hf.
á síðastliðnu
rekstrarári.





Brynjólfur ÁR: Helgi Brynjarsson í gulum stakk næst á myndinni og Kristófer Jónsson til hægri. Fjær sést í Guðna Jónsson og Björgvin Helgason.



Jón Vídalín ÁR: Jóhannes K. Steinólfsson.

Útgerð

Vinnslustöðin hf. gerði út eftirtalin skip á liðnu rekstrarári: netabátana Brynjólf ÁR-3 og Gandí VE-7, togbátinn Drangavík VE-80, togarann Jón Vídalín ÁR-1 og nótaskipin Kap VE-4 og Sighvat Bjarnason VE-81.

Aflaheimildir

Bolfiskaflaheimildir félagsins á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september 2002, eru 11.052 þorskígildistönn en voru 8.377 þorskígildistönn á fiskveiðírinu 2001 - 2002. Aflaheimildir í uppsjávarfiski, rækju og humri eru 3.654 þorskígildistönn og er þá miðað við 765 þúsund tonna lokauðhlutun í loðnu. Að auki hefur félaginu verið úthlutað á árinu 7.806 tonnum af kolmunna og 26 tonnum af þorski í Barentshafi og á síðasta ári var úthlutun til félagsins í norski-íslenskri síld 5.255 tonn.

Framleiðsla

Framleiðsla í landvinnslu Vinnslustöðvarinnar hf. minnkaði um tæp 47% frá fyrra ári. Eins og áður er sveiflan mest í frystingu uppsjávarfiska en verðlag og ástand á mörkuðum, auk náttúrulegra skilyrða, ráða mestu um framleiðsluna. Samtals voru fryst um 2.600 tonn af loðnu og loðnuhrognum en árið 2001 voru framleidd 4.400 tonn af þessum afurðum. Á árinu 2002 voru framleidd tæp 1.400 tonn af síldarafurðum á móti tæpum 3.000 tonnum á árinu á undan. Þá saltaði félagið síld á árinu eftir nokkurra ára hlé. Verð á síldarafurðum lækkaði mjög mikið frá fyrra ári eða um 30-40% eftir afurðaflokkum. Lágt verð var á frystum loðnuafurðum á rekstrarárinu sem skýrist sem fyrr einkum af nægu framboði af loðnuafurðum frá Noregi á Japansmarkaði.

Saltfiskvinnsla er meginstoðin í bolfiskvinnslu félagsins, einkum er um að ræða flattan þorsk, sem að mestu er seldur til Portúgals, og flattan ufsa. Á rekstrarárinu voru framleidd tæp 1.900 tonn af saltfiskafurðum sem er heldur minna en árið 2001. Í frystihúsi félagsins var sem fyrr unninn karfi og humar og síðla árs var aukin áhersla á frystingu ufsaafurða, meðal annars til að bregðast við óviðunandi afkomu af vinnslu saltaðra ufsaafurða.



Vinnslustöðin færði starfsmannafélagi VSV 2,5 milljónir króna að gjöf á árshátiðinni 2002 og létt fylgja með að starfsmenn nytu m.a. á þann hátt góðrar afkomu fyrirtækisins. Sigrún Brynjár framkvæmdastjóri mætti með ávísun og afhenti hana Særúnu Eydísi Ásgeirs dóttur.

Frostfiskur hf. í Þorlákshöfn, hlutdeildarfélag Vinnslustöðvarinnar hf., og Aðgerðarþjónustan í Vestmannaeyjum unnu smærri þorsk og ýsu í verktakavinnslu líkt og árið á undan. Þessi fyrirtæki unnu um 1.500 tonn af hráefni frá Vinnslustöðinni á árinu 2002.

Bræðsla

Framleiðslutekjur fiskimjölsverksmiðju félagsins á árinu 2002 námu alls 1.258 milljónum króna en voru 691 milljónir króna á fyrra rekstrarári. Hækjun frá fyrra ári er því 567 milljónir króna.


Aðkeypt hráefni á árinu 2002 var 85.580 tonn en 77.120 tonn árið áður. Aukning frá fyrra ári nam því 8.460 tonnum eða tæpum 11%. Alls voru brædd 64.145 tonn af loðnu, 11.834 tonn af síld, 7.844 tonn af kolmunna og 1.757 tonn af fiskúrgangi. Mjöl- og lýsisverð var hagstætt á árinu og skýrir það verulega hækjun tekna frá fyrra ári.

Afl og aflaverðmæti skipa Vinnslustöðvarinnar hf.

	2002		2001	
	Tonn	Millj. kr.	Tonn	Millj. kr.
Brynjólfur ÁR - 3	1.277	182	1.449	152
Gandí VE - 7	1.225	166	1.081	115
Drangavík VE - 80	2.873	314	2.079	236
Jón Vídalín ÁR - 1	4.163	294	3.220	204
Kap VE - 4	29.005	265	23.002	159
Sighvatur Bjarnason VE - 81.....	47.651	415	44.456	319
Alls.....	86.194	1.636	75.287	1.186



Jón Vídalín ÁR: Kristleifur Ingi Lárusson t.v. og Einar Jónsson.



Kap VE með fullfermi af loðnu við bryggju í Eyjum, um 900 tonn. Á myndinni eru Halldór Þór Guðmundsson, Bjarni J. Valtýsson, Regin Jakobsen, Egill Þór Valgarðsson og Þorsteinn Ólason.

Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar hf.

		2002-2003			2001-2002		
	Tonn	Porsk-ígildi	% af úthlutun		Tonn	Porsk-ígildi	% af úthlutun
Botnfiskheimildir							
Þorskur.....	3.898	3.898	2,7199%	3.493	3.493	2.2720%	
Ýsa.....	1.693	2.031	3,8256%	916	1.100	2,9528%	
Ufsi	2.052	985	5,7004%	1.555	700	5,1677%	
Karfí.....	4.005	2.163	6,6751%	3.420	1.881	5,2613%	
Steinbítur	149	103	1,1316%	122	80	1,0680%	
Úthafskarfi.....	423	228	0,7686%	70	39	0,1566%	
Grálúða.....	537	870	2,5382%	352	581	1,9125%	
Skarkoli	189	242	4,1132%	118	142	2,5750%	
Sandkoli.....	267	125	4,1576%	15	68	4,0856%	
Skrápflúra.....	179	86	3,8939%	150	75	3,2705%	
Þykkvalúra	55	88	3,7031%	37	51	2,8525%	
Langlúra.....	49	34	3,5559%	41	26	3,2693%	
Langa.....	119	104	5,1711%	91	68	3,7973%	
Keila.....	38	20	1,3843%	41	20	0,9635%	
Skötuselur.....	38	74	2,9652%	26	53	1,9316%	
Bolfiskur alls.....	13.691	11.052		10.447	8.377		
Aðrar veiðiheimildir							
Humar.....	54	389	11,0379%	51	354	11,0379%	
Rækja	43	30	0,1429%	33	26	0,0941%	
Síld.....	8.153	1.304	7,7637%	8.318	499	6,6546%	
Loðna	38.620	1.931	5,0483%	55.340	2.214	5,0485%	
Aðrar veiðiheimildir alls.....	46.870	3.654		63.742	3.093		
Veiðiheimildir alls.....	60.561	14.706		74.189	11.470		



Þrír starfsmenn voru heiðraðir í jólahófi Vinnslustöðvarinnar 2002 fyrir langan og farsælan starfsferil í fyrirtækinu. Frá vinstrum: Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri, Kristín Jóna Stefánsdóttir, Sigurbjörg Guðnadóttir, Sigrúngeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri og Óskar Stefánsson. Sigurbjörg hefur unnið í Vinnslustöðinni í meira en hálfu öld og á lengstan starfsaldur allra í fyrirtækinu.



Gunnar Magnússon og Sævar Ástmundsson á Brynjólfvi ÁR á skötuselsnetum á Selvogsbanka skömmu fyrir jól 2002.



Gandí VE: Elías Árni Jónsson stýrimaður fylgist með að sá guli skili sér um borð úr netunum.

Heildarframleiðsla landvinnslu

		2002		2001	
		Tonn	Þús. kr.	Tonn	Þús kr.
Saltaðar afurðir.....		1.890	679.000	2.250	932.000
Landfrystar bolfiskafurðir.....		1.580	585.000	1.590	442.000
Frysting uppsjávarfiska		3.989	317.000	7.215	515.000
Humar.....		148	167.000	120	169.000
Alls.....		7.607	1.748.000	11.175	2.058.000

Heildarframleiðsla fiskimjölsverksmiðjunnar

		2002		2001	
		Tonn		Tonn	
Loðna		64.145		61.144	
Síld		11.834		3.498	
Kolmuni.....		7.844		10.186	
Fiskúrgangur.....		1.757		2.292	
Alls		85.580		77.120	

Afurðir

Fiskimjöl		15.278		13.709	
Lýsi		6.231		5.019	



Ingí Sigurðsson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, ræsti nýja rafskautaketylinn í fiskimjölsverksmiðjunni að viðstöddum hópi gesta 14. febrúar 2003. Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf., var næristaddur og sá til þess að bæjarstjórin veldi rétta hnappinn!

Nýjum áfanga fagnað

Fiskimjölsverksmiðja Vinnslustöðvarinna hf. var formlega tekin í notkun 15. febrúar 2003 eftir umfangsmiklar endurbætur. Sama dag tóku Saltkaup hf. í Hafnarfirði, dótturfélag SÍF, í notkun nýja saltskemmu á lóð VSV. Breytingarnar í fiskimjölsverksmiðjunni kostuðu um 250 milljónir króna og voru fyrstu nýfjárfestingar VSV frá því árið 1997. Afkastageta verksmiðjunnar var fyrir stækken um 850 tonn af hráefni á sólarhring en áætlað er að hún verði allt að 1.150 tonn á sólarhring.

Keyptur var afkastamikill gufuþurrkari frá Danmörku og rafskautaketill frá Noregi til að framleiða gufu fyrir þurrkarn. Byggt var sérstakt hús yfir ketilinn og nýja spennistöð. Samið var við Hitaveitu Suðurnesja (HS) um kaup á raforku fyrir rafskautaketilinn. Til þess að HS geti séð VSV fyrir nægilegri raforku á alagstínum er afgangsvarmi, sem fellur til í verksmiðjunni og áður rann að mestu ónotaður í sjóinn, notaður til að hita upp vatn sem síðan rennur inn á veitukerfi kaupstaðarins og gagnast til upphitunar allt að helmingi íbúða í Eyjum. Þarna er því notuð vistvæn, innlend orka til framleiðslu á mjöli og lýsi og dregið um leið úr innflutningi á olíu.

Þá var ráðist í byggingu á hreinsistöð og keyptur afkastamikill búnaður sem taka mun við frárennsli fiskimjölsverksmiðju og fiskvinnslu VSV, hreinsa úr því fast efni og fitu með bestu fánalegu tækni sem fyrirfinnst og nýta til að vinna lýsi og mjöl.

Búnaður til loðnuhrognavinnslu hefur verið endurbættur og allri þeirri starfsemi komið fyrir á einum stað. Afköst í framleiðslunni aukast en kostnaður minnkar.



Gufuþurrkaranum komið fyrir í fiskimjölsverksmiðjunni. Hann vegur 110 tonn og er þyngsti hlutur sem Samskip hafa flutt til Íslands.



Ný saltskemma Saltkaupa hf. á lóð Vinnslustöðvarinna.



Góða veislus gjöra skal! Vinnslustöðin efndi til mannfagnaðar í tilefni velheppnaðra breytinga í fiskimjölsverksmiðjunni. Starfsmönnum, mökum þeirra og fjölda annarra gesta úr Eyjum og af fastalandinu var boðið til fagnaðar. Þar var að vonum glatt á hjalla.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álti stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu var rúmar 901 milljón króna. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 20% arður til hluthafa en víesar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í lok ársins voru hluthafar í féluginu 311 en voru 473 í upphafi árs. Fjórí hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárlins en þeir eru Búnaðarbanki Íslands hf. með 21,44%, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 14,99%, Ker ehf. með 13,95% og Vátryggingafélag Íslands hf. með 12,75%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 14. febrúar 2003

Í stjórn:


Jakob Bjarnason, formaður


Guðmundur Kristjánsson


Gunnar Birgisson


Gunnlaugur Ólafsson


Haraldur Gíslason

Framkvæmdastjóri:


Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athaganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggva mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002, og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Vestmannaeyjum 14. febrúar 2003

Deloitte & Touche hf.


Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi


Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2002

	Skýr.	2002	2001
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur fiskvinnslu		3.066.422.757	3.016.747.382
Rekstrartekjur útgerðar		1.782.675.439	1.303.813.906
Afli til eigin vinnslu		(1.263.035.715)	(881.562.948)
Aðrar tekjur		<u>23.217.949</u>	<u>40.953.214</u>
		<u>3.609.280.430</u>	<u>3.479.951.554</u>
Rekstrargjöld			
Rekstrargjöld fiskvinnslu		2.494.044.822	2.172.780.171
Rekstrargjöld útgerðar		1.155.139.127	932.139.333
Afli til eigin vinnslu		(1.263.035.715)	(881.562.948)
Stjórnunarkostnaður		<u>104.434.396</u>	<u>75.348.670</u>
		<u>2.490.582.629</u>	<u>2.298.705.226</u>
Hagnaður fyrir afskriftir		1.118.697.800	1.181.246.328
Afskriftir fastafjármuna	2,3	<u>(494.943.949)</u>	<u>(427.603.152)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld		623.753.851	753.643.176
Aðrar tekjur og gjöld			
Aðrar tekjur		0	22.178.047
Önnur gjöld	20	<u>(156.787.814)</u>	<u>(57.491.876)</u>
		<u>(156.787.814)</u>	<u>(35.313.829)</u>
Rekstrarhagnaður		466.966.037	718.329.347
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1,19	<u>434.702.595</u>	<u>(683.045.665)</u>
Hagnaður ársins		<u>901.668.632</u>	<u>35.283.682</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	31. 12. 2002	31. 12. 2001
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Varanlegar fiskveiðiheimildir	2	<u>1.719.145.452</u>	<u>828.658.938</u>
		<u>1.719.145.452</u>	<u>828.658.938</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	3,4		
Fasteignir og lóðir		880.069.137	831.802.250
Skip og fylgihlutir		1.696.374.826	2.057.794.348
Vélar og framleiðslutæki		689.282.039	729.159.719
		<u>3.265.726.002</u>	<u>3.618.756.316</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	5	122.363.953	165.048.004
Eignarhlutar í öðrum félögum	5	14.876.025	68.598.915
Stofnsjóðir og bundnar innistæður		746.281	742.429
Verðbréf		52.693.205	147.377.500
		<u>190.679.464</u>	<u>381.766.848</u>
		Fastafjármunir	5.175.550.918
			<u>4.829.182.102</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	6		
Afurða- og hráefnisbirgðir		286.408.052	222.968.922
Veiðarfæra- og rekstrarvörubirgðir		<u>143.334.930</u>	<u>167.319.978</u>
		<u>429.742.982</u>	<u>390.288.900</u>
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	7	273.372.043	307.848.389
Kröfur á hlutdeildarfélög		28.150.382	29.768.146
Aðrar skammtímakröfur		70.060.537	41.337.054
Fyrirframgreiddur kostnaður		24.428.989	26.025.323
		<u>396.011.952</u>	<u>404.978.912</u>
Verðbréf og eignarhlutar			
Verðbréf	8	<u>624.435.000</u>	<u>24.965.194</u>
		<u>624.435.000</u>	<u>24.965.194</u>
Handbært fé			
Innstæður í innlánsstofnunum		<u>207.315.134</u>	<u>14.658.772</u>
		<u>207.315.134</u>	<u>14.658.772</u>
		Veltufjármunir	1.657.505.068
			<u>834.891.778</u>
		Eignir	<u>6.833.055.986</u>
			<u>5.664.073.881</u>

31. desember 2002

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31. 12. 2002	31. 12. 2001
Eigið fé		9,10	
Hlutafé		1.565.000.000	1.565.000.000
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár		0	451.600.457
Endurmatsreikningur		2.027.461	528.423.489
Lögbundinn varasjóður		70.635.696	70.635.696
Óráðstafað eigið fé		318.872.832	(1.295.363.630)
Eigið fé		<u>1.956.535.990</u>	<u>1.320.296.012</u>

Skuldir

Langtímaskuldir	II		
Skuldabréfalán		3.616.572.264	3.125.379.728
Skuldir við hlutdeildarfélög		0	115.000.000
		<u>3.616.572.264</u>	<u>3.240.379.728</u>

Skammtímaskuldir

Sampykktir víxlar og skuldabréfalán.....	II	0	3.075.150
Skuldir við lánastofnanir.....		462.810.522	361.635.336
Viðskiptaskuldir		137.308.970	126.321.983
Skuldir við hlutdeildarfélög.....		128.523	1.377.828
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	II	568.093.000	504.224.000
Aðrar skammtímaskuldir.....		91.606.717	106.763.843
		<u>1.259.947.732</u>	<u>1.103.398.140</u>

Skuldir	<u>4.876.519.996</u>	<u>4.343.777.868</u>
----------------	----------------------	----------------------

Eigið fé og skuldir	<u>6.833.055.986</u>	<u>5.664.073.881</u>
----------------------------	----------------------	----------------------

Sjóðstreymi ársins 2002

	Skýr.	2002	2001
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		901.668.632	35.283.682
Rekstrarlíðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	2,3	494.943.949	427.603.152
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	1	(62.445.369)	(276.382.410)
Gengismunur og verðbætur.....		(451.357.071)	563.136.880
Niðurfærðir áhættufjármunir.....		0	45.000.000
Sölutap (hagnaður) eigna		132.921.579	15.259.127
Veltufé frá rekstri		1.015.731.721	809.900.431
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun)		(39.454.082)	(219.755.569)
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun)		(505.613.749)	259.201.462
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun		(5.419.444)	45.120.902
Handbært fé frá rekstri		465.244.446	376.064.302
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í fasteignum		(140.131.880)	(13.319.726)
Fjárfest í fiskiskipum og veiðiheimildum		(146.437.175)	(42.841.146)
Fjárfest í vélum, áhöldum og tækjum		(88.562.660)	(51.792.797)
Seldir fastafjármunir, áhættufjármunir og langtímakröfur		114.860.817	105.579.959
Fjárfestingarhreyfingar		(260.270.898)	(2.373.710)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný lán og afborganir langtímaskulda		188.069.894	(515.595.540)
Skammtímalán hækkun (lækkun)		98.100.036	95.899.252
Sameining við önnur félög		(298.487.116)	0
Fjármögnunarhreyfingar		(12.317.186)	(419.696.288)
Hækkun handbærs fjár		192.656.362	(46.005.696)
Handbært fé í ársbyrjun		14.658.772	60.664.469
Handbært fé í árslok		207.315.134	14.658.772

Skýringar

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga.

Jón Erlingsson ehf. og Úndína ehf. sameinuðust Vinnslustöðinni hf. þann 1. júlí 2002.

Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Með lögunum voru verðleiðréttigar laga um tekjuskatt og eignarskatt felldar niður frá og með 1. janúar 2002. Einニig voru ákvæði 25. gr. laga ársreikninga, sem taka til verðleiðréttið í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga, afnumin. Hins vegar er áfram heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákvæðum skilyrðum.

Í bráðabirgðaákvæði b skv. 53. gr. laga nr. 133/2001 er félögum skv. I. mgr. I. gr. ársreikningalaga heimilt að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003 í samræmi við a-lið I. mgr. 25. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar fyrir gildistöku laganna.

Vinnslustöðin hf. hefur ákvæðið að í ársreikningi þessum mun félagið nýta sér framangreint bráðabirgðaákvæði og halda áfram með verðleiðrétt reikningsskil. Ef ekki hefði verið beitt verðleiðréttum reikningsskilum hefði hagnaður ársins orðið 56,7 milljónum króna lægri og eigið fé 89,8 milljónum króna lægra.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkena vísitölu neysluverðs á árinu sem var 2,0%. Þannig eru varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir endurmetnar með því að framrekna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 2002. Þeir varanlegu rekstrarfjármunir og þær óefnislegu eignir sem við bættust eða voru seldar eru endurmetnar miðað við eignarhaldstíma. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningstímabilsins og á breytingu þeirra innan þess eru reiknuð og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 62.445.369. Endurmatshækkun óefnislegra eigna, varanlegra rekstrarfjármuna og eignarhluta í félögum, ásamt reiknuðum tekjum vegna verðlagsbreytinga er færð í endurmatsreikning meðal eiginfjárlíða í efnahagsreikningi.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Óefnislegar eignir

- Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum varanlegum veiðiheimildum. Eignir þessar eru afskrifaðar um 6% árlega. Óefnislegar eignir greinast þannig:

Stofnverð 1.1.2002.....	1.498.871.917
Endurmat á árinu.....	36.162.537
Viðbót vegna sameiningar.....	1.011.883.466
Viðbót á árinu.....	126.559.250
Stofnverð 31.12.2002.....	2.673.477.170
Afskrifað áður	670.212.979
Endurmat afskrifta	15.025.599
Viðbót vegna sameiningar.....	145.648.867
Afskrifað á árinu	123.444.273
Afskrifað samtals 31.12.2002.....	954.331.718
Bókfært verð 31.12.2002.....	1.719.145.452

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar og framleiðslutæki	Samtals
Stofnverð 1.1.2002.....	1.453.342.857	3.123.237.206	2.115.726.290	6.692.306.353
Endurmat á árinu.....	28.808.858	62.150.575	43.004.785	133.964.218
Selt eða niðurfært á árinu.....	(93.721.956)	(523.130.744)	(25.478.360)	(642.331.060)
Viðbót vegna sameiningar.....	0	220.437.142	0	220.437.142
Viðbót á árinu.....	140.131.880	19.877.925	88.562.660	248.572.465
Stofnverð 31.12.2002	1.528.561.639	2.902.572.104	2.221.815.375	6.652.949.118
Afskrifað áður	621.540.606	1.065.442.858	1.386.566.573	3.073.550.038
Endurmat afskrifta	12.495.281	23.126.749	28.763.567	64.385.597
Selt á árinu.....	(27.399.311)	(259.609.883)	(22.930.524)	(309.939.718)
Viðbót vegna sameiningar.....	0	187.727.523	0	187.727.523
Afskrifað á árinu.....	41.855.926	189.510.030	140.133.720	371.499.676
Afskrifað samtals 31.12.2002.....	648.492.502	1.206.197.278	1.532.533.336	3.387.223.116
Bókfært verð 31.12.2002	880.069.137	1.696.374.826	689.282.039	3.265.726.002
Afskriftarhlutföll	4%	6%	12-20%	

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af framreiknuðu kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu og færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna.....	371.499.676
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 2	123.444.273
	494.943.949

4. Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir:			
Fiskimjölsverksmiðja.....	236.916.000	509.485.000	399.707.045
Fiskiðjuver.....	347.062.000	1.336.053.000	454.300.669
Aðrar eignir.....	121.919.000	68.081.000	26.061.423
	705.897.000	1.913.619.000	880.069.137
Skip og fylgihlutir:			
Kap VE 4.....	212.097.000	193.681.499	
Sighvatur Bjarnason VE 81.....	408.081.000	885.380.556	
Gandí VE 7.....	115.040.000	64.914.878	
Brynjólfur ÁR 3.....	104.318.000	171.570.575	
Jón Vídalín ÁR 1.....	166.206.000	153.298.543	
Drangavík VE 80.....	215.992.000	224.358.618	
Smábátar, tveir.....	8.544.000	3.170.157	
	1.230.278.000	1.696.374.826	
Vélar og framleiðslutæki:			
Vélar og framleiðslutæki.....	1.960.450.000	689.282.039	
	705.897.000	5.104.347.000	3.265.726.002

Skýringar

Eignarhlutar í félögum

5. Eignarhlutar félagsins í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum eru bókfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Frostfiskur ehf.....	40,5%	3.400.000	117.718.191
Nethamar ehf.....	22,1%	3.669.205	4.645.762
			<u>122.363.953</u>
Eignarhlutar í öðrum félögum:			
Byr ehf.....		88.956	2.446.497
Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf.....	2,8%	329.000	387.293
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.....	8,0%	2.410.000	4.779.358
Ísfélag Þorlákshafnar hf.....	0,6%	828.527	1.894.542
Framleiðendur ehf.....	2,3%	2.941.176	5.539.680
Aðrir eignarhlutar (alls 6 félög).....		2.497.263	3.028.655
Niðurfærsla.....			(3.200.000)
			<u>14.876.025</u>
			<u>137.239.978</u>

Birgðir

6. Birgðir afurða eru metnar á áætluðu kostnaðarverði, sem tekur mið af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Framleiðslukostnaður afurðabirgða í heild er ákvárdarur sem meðalframleiðslukostnaður allra birgða af sama tagi. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna.

Afurða- og hráefnisbirgðir greinast þannig:

Frystar afurðir	124.356.876
Saltfisksbirgðir.....	17.081.957
Síldarbirgðir.....	36.474.073
Loðnubirgðir.....	325.771
Mjöl- og lýsisbirgðir.....	106.557.888
Humarbirgðir.....	1.611.487
	<u>286.408.052</u>

Veiðarfæra- og rekstrarvörubirgðir greinast þannig:

Veiðarfærabirgðir.....	94.334.930
Rekstrarvörubirgðir.....	49.000.000
	<u>143.334.930</u>

Vátryggingamat afurðabirgða á reikningsskiladegi var 587 milljónir króna og veiðarfæri og afli skipa var tryggður fyrir 85 milljónir króna.

Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undirslegin veiðarfæri eru metin á hálfvírdi, en loðnu- og síldarnætur eru metnar að hámarki á helmingi endurkaupsverðs.

Skýringar

Skammtímakröfur

7. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu kr. 10.400.000. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu framangreindra krafna. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á árinu greinist þannig:

Óbeinar afskriftir í ársbyrjun		10.400.000
Tapaðar kröfur á árinu		(13.006.117)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu		13.006.117
		<u>10.400.000</u>

Verðbréf

8. Verðbréfeign félagsins samanstendur af eignarhlutum í Vinnslustöðinni hf. að nafnverði kr. 148.675.000 sem ætluð eru til sölu innan árs frá lokum reikningsárs.

Eigið fé

9. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.565.000.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

10. Yfirlært frá fyrra ári	1.565.000.000	451.600.457	528.423.489	70.635.696	(1.295.363.630)
Jöfnun ójafnaðs taps fyrri ára..		(451.600.457)			451.600.457
Sameining við önnur félög.....			(605.068.541)		306.581.425
Endurmat fastafjármuna			89.542.419		
Endurmat					
eignarhluta í félögum.....			5.961.412		
Reiknaðar tekjur					
vegna verðlagsbreytinga			(62.445.369)		
Hagnaður ársins.....					901.668.632
Endurmat eiginfjárlíða.....			45.614.051		(45.614.051)
	<u>1.565.000.000</u>	<u>0</u>	<u>2.027.461</u>	<u>70.635.696</u>	<u>318.872.832</u>

Langtímaskuldir

- II. Yfirlit langtímaskulda:

	Eftirstoðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í USD.....	1.090.225.776
Skuldir í JPY.....	552.254.920
Skuldir í GBP.....	548.261.920
Skuldir í CHF.....	311.949.518
Skuldir í EUR.....	1.191.558.116
Skuldir í öðrum myntum.....	119.202.199
	<u>3.813.452.449</u>
Skuldir í íslenskum krónum	371.212.815
	<u>4.184.665.264</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(568.093.000)
Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi	<u>3.616.572.264</u>

Skýringar

12. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborganir.....	568.093.000
Afborganir 2004.....	552.381.000
Afborganir 2005.....	588.105.000
Afborganir 2006.....	784.353.000
Afborganir 2007.....	824.770.000
Afborganir síðar	866.963.264
	<u>4.184.665.264</u>

Skattamál

13. Skattar á hagnað ársins og eignir í lok þess sem lagðir verða á félagið á árinu 2003 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts og eignarskatts.

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirfærðs, ónotaðs, skattalegs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok 2002 var 1.256 milljónir króna. Ónotuð skattaleg töp nýtast til frádráttar hagnaði næstu átta ára eftir að taping myndaðist. Ónotuð skattaleg töp félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

Frá hagnaði 2007.....	816.265.713
Frá hagnaði 2008.....	166.004.002
Frá hagnaði 2009.....	274.204.446
	<u>1.256.474.161</u>

Ábyrgðir og veðskuldbindingar

14. Ábyrgðir utan efnahags nema um 89,3 milljónum króna.

15. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 1.517 milljónum króna. Auk þess eru áhvílandi á eignunum tryggingarbréf samtals um 3.330 milljónir króna.
Veðsetningar greinast þannig á eignaflokka:

	Eftirstöðvar skuldbindinga	Tryggingar- bréf	Bókfært verð eigna
Fiskiskip og veiðiheimildir.....	964.578.960	2.850.244.795	3.415.520.278
Fasteignir og lóðir.....	552.600.955	479.547.645	880.069.137
	<u>1.517.179.915</u>	<u>3.329.792.440</u>	<u>4.295.589.415</u>

16. Félagið hefur gert afleiðusamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu. Skuldbindingar og kröfur vegna framvirkra samninga eru bókfærðar í ársreikninginn miðað við markaðsverð í árslok. Framvirkir gjaldmiðlasamningar í árslok eru að verðmæti um 194 milljónir króna.

Skýringar

Önnur mál

17. Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu vegna bruna- og vatnstjóns og nemur bótajárhæðin allt að 974 milljónum króna.

18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2002	2001
Laun	923.651.021	802.243.179
Launatengd gjöld	<u>174.615.917</u>	<u>125.663.532</u>
	<u>1.098.266.938</u>	<u>927.906.711</u>

Meðalfjöldi starfa 215 185

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu námu 44,2 milljónum króna.

19. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2002	2001
Vaxtatekjur	76.894.889	135.295.345
Gengismunur.....	475.290.822	0
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður	<u>11.144.999</u>	<u>2.299.666</u>
	<u>563.330.710</u>	<u>137.595.011</u>
Vaxtagjöld	(184.169.578)	(501.884.418)
Gengismunur og verðbætur.....	<u>(6.903.906)</u>	<u>(595.138.668)</u>
	<u>(191.073.484)</u>	<u>(1.097.023.086)</u>
Reiknaðar tekjur vegna áhrifa verðlagsbreytinga	<u>62.445.369</u>	<u>276.382.410</u>
	<u>434.702.595</u>	<u>(683.045.665)</u>

20. Meðal annarra gjalda er meðal annars fært sölutap varanlegra rekstrarfjármuna sem stafar af sölu félagsins á fiskiskipinu Gandí og fasteigninni að Ægisgötu 2 Vestmannaeyjum.

21. Félagið gerði kaupréttarsamninga um hlutabréf við stjórnendur félagsins sem veitti þeim rétt til að kaupa hlutabréf að nafnverði allt að 13,4 milljónir í félaginu á föstu gengi á árunum 2000 til 2002. Stjórnendur félagsins nýttu sér allan kaupréttinn í árslok 2002 og hefur kostnaður félagsins vegna þeirra verið gjaldfærður að fullu í rekstrarreikningi félagsins.

22. Úthlutaðar veiðiheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðíárinu frá 1.9.2002 til 31.8.2003 eru eftirfarandi, auk stöðu aflamarks hverrar tegundar í árslok:

	Aflahlutdeild í prósentum	Úthlutað aflamark í tonnum	Aflamark í þorskigildis tonnum	Staða aflamarks í árslok í tonnum
<u>Veiðiheimildir í botnfiski</u>				
Þorskur.....	2,7199%	3.898	3.898	4.164
Ýsa.....	3,8256%	1.693	2.031	1.271
Ufsi.....	5,7004%	2.052	985	1.249
Karfi.....	6,6751%	4.005	2.163	2.284
Langa.....	5,1711%	119	104	103
Keila.....	1,3843%	38	20	40
Úthafskarfi.....	0,7686%	423	229	423
Steinbítur.....	1,1316%	149	103	154
Skötuselur.....	2,9652%	38	74	24
Grálúða.....	2,5382%	537	870	541
Skarkoli.....	4,1132%	189	242	203
Sandkoli.....	4,1576%	267	125	150
Skrápflúra.....	3,8939%	179	86	225
þykkvalúra.....	3,7031%	55	88	48
Langlúra.....	3,5559%	49	34	29
		13.691	11.052	10.907
<u>Aðrar veiðiheimildir</u>				
Síld.....	7,7637%	8.153	1.304	3.941
Loðna.....	5,0483%	42.910	2.146	34.659
Humar.....	11,0379%	54	389	68
Rækja.....	0,4129%	43	30	33
		51.160	3.869	38.701
Aflaheimildir alls.....		64.851	14.921	49.608

Aflaheimildir í loðnu eru reiknaðar út miðað við áætlaða úthlutun um 850 þúsund tonna heildarafla.

Skip í eigu félagsins fengu jafnframt úthlutað á síðasta ári aflamarki úr norsk - íslenska síldarstofnínunum samtals 5.254 tonn, kolmunna 6.922 tonn og þorski í Barentshafi 26 tonn.

Sjóðstreymi

23. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs.

	2002	2001	1999 / 2000	1998 / 9	1997 / 8
Afkoma ársins.....	901.668.632	35.283.682	(256.159.278)	(850.636.446)	20.580.037
Afskriftir.....	494.943.949	427.603.152	418.057.833	442.892.851	479.241.855
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.....	(62.445.369)	(276.382.410)	(136.560.392)	(110.112.161)	(38.286.128)
Verðbreytingar langtímaskulda.....	(451.357.071)	563.136.880	148.263.594	141.516.784	(78.044.600)
Aðrar breytingar.....	132.921.579	60.259.127	13.946.979	54.175.250	(167.097.956)
Hreint veltufé frá rekstri	1.015.731.721	809.900.431	187.548.736	(322.163.722)	216.393.208
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(545.067.831)	(478.957.031)	359.841.797	174.687.878	65.501.880
Rekstrartengdum skuldum.....	(5.419.444)	45.120.902	(128.617.472)	65.380.823	53.882.054
Handbært fé frá rekstri	<u>465.244.446</u>	<u>376.064.302</u>	<u>418.773.061</u>	<u>(82.095.021)</u>	<u>335.777.142</u>

Kennitölur

24. Úr rekstrarreikningi :

	2002	2001	1999 / 2000
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur.....	31,00%	33,94%	21,11%
Hagnaður ársins / rekstrartekjur.....	24,98%	1,01%	(10,79%)
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA).....	1.118.697.800	1.181.246.328	500.868.781
Arðsemi eigin fjár.....	55,03%	2,47%	(15,10%)

25. Úr efnahagsreikningi :

	31.12 2002	31.12 2001	31.8 2000
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,32	0,76	0,64
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	28,63%	23,31%	27,79%
Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé	1,25	0,84	0,98
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)	0,58	0,02	(0,16)


26. Úr sjóðstreymi ársins :

a) Skuldaþekja handbærs fjár.....	0,10	0,09	0,10
b) Gæði sölunnar	1,01	1,17	1,13
c) Gæði afkomunnar	0,52	10,66	(1,63)
a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir			
b) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur			
c) Handbært frá rekstri / afkoma			



9. febrúar 1965

Úr myndasafni Sigurgeirs Jónassonar. Myndirnar hans eru menningarsjóður um Eyjarnar, samfélagið og atvinnulífið.



3. febrúar 1972